

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS®

Þessi bæklingur er í röð bæklinga sem  
Ljósmeðrafélag Íslands gefur út á vef  
félagsins [www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

Höfundur þessa bæklinga er  
Anna Sigríður Vernharðsdóttir,  
ljósmóðir.

Útgáfuár 2010

Myndir Shutterstock.com

### Helstu heimildir

Puckett, R.M., Offringa ,M. (2000). *Prophylactic vitamin K for vitamin K deficiency bleeding in neonates*. Cochrane Database of Systematic Reviews, 4.



Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
Sími 564-6099  
[www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS®



## K-vítamín fyrir nýbura Hvers vegna?



## VERÐUR BARNIÐ OKKAR AÐ FÁ K-VÍTAMÍN?

Það er vissulega val foreldra. Hafið í huga að þetta er einfalt og lítið inngríp sem miðar að því að fyrirbyggja alvarlegan sjúkdóm. Ef þið takið þá ákvörðun að hafna því að barnið ykkar fái K-vítamín þá þurfið þið að fá upplýsingar frá ljósmóður eða lækni um fyrstu einkenni blæðingar af völdum K-vítamínskorts. Þetta er mikilvægt til að tryggja að barnið ykkar fái meðferð eins fljótt og auðið er ef eitthvað kemur upp á.

**BÆKLINGARÖÐ  
LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS®**

## HVAÐ ER K-VÍTAMÍN?

K-vítamín er efni sem er til staðar í líkamanum. Það gegnir mikilvægu hlutverki við storknun blóðsins, t.d. þegar manneskja sker sig, hjálpar K-vítamínið til við myndum blóðstorku sem stöðvar blæðingu og stuðlar að því að sár grói.

Við fæðingu eru litlar birgðir af K-vítamíni í líkama nýburans og þær klárast á fyrstu dögum lífsins. Þegar brjóstagið er komin vel á veg byrjar barnið að safna nýjum birgðum. Þessi skortur á K-vítamíni við fæðingu getur sett barnið í hættu ef það fer að blæða einhvers staðar því blóðið storknar ekki svo auðveldlega án þess. Nýfædd börn geta einnig verið í hættu á að fá alvarlega blæðingu af völdum K-vítamínskorts sem er sjaldgæf en getur komið upp hjá einu af hverjum 10.000 börnum. Það er ástæða þess að mælt er með því að auka magn K-vítamíns í líkama nýfæddra barna til að veita þeim vörn þar til þau byrja að framleiða eigið K-vítamín.

## Ljósmæður taka vel á móti þér!

### ER NAUÐSYNLEGT AÐ ALLIR NÝBURAR FÁI K-VÍTAMÍN?

Hér á landi er mælt með því að öllum nýburum sé gefið K-vítamín sem fyrst eftir fæðingu. K-vítamín er hægt að gefa með sprautu í læri nýburans eða með því að gefa dropa í munninn en hér á landi hefur tíðkast að gefa K-vítamínið með sprautu.

Það eru skiptar skoðanir um það hvort gefa eigi öllum nýburum K-vítamín og því hafa verið miklar umræður um notkun þess. Þeir sem aðhyllast það að gefa öllum nýburum K-vítamín hafa áhyggjur af þeim alvarlegu afleiðingum sem blæðingar af völdum K-vítamín skorts geta valdið þó að þær séu afar sjaldgæfar. Þeir sem eru á móti því að gefa öllum nýburum K-vítamín vilja meina að verið sé að gefa börnum sem ekki eru í áhættuhópi óþarfa efni sem getur mögulega skaðað þau. Þeir álíta það óþarfa áhættu til að vernda gegn mjög sjaldgæfum sjúkdómi.

Stór hluti af þeim ágreiningi sem hefur verið um notkun á K-vítamíni er tengdur því að niðurstöður rannsókna gáfu vísbendingar um hugsanleg tengsl á milli þess að nýburum sé gefið K-vítamín með sprautu og þess að þau fái krabbamein á barnsaldri. Nýrri rannsóknir sýna hins vegar að þetta er afar ólíklegt. Aukaverkanir sem tengjast því að nýburi fái K-vítamín með sprautu eru verkur og sýkingarhætta ásamt mari á stungustað. Ekki má gleyma því að mörgum foreldrum finnst óþægilegt að nýfædda barnið þeirra þurfi að fá sprautu.



### NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNA

Það er enginn vafi á því að K-vítamín virkar sem forvörn og minnkar umtalsvert líkur á því að barn fái blæðingu vegna K-vítamín skorts. Rannsóknir hafa afsannað tengsl á milli þess að barn fái K-vítamín með sprautu og að það þrói með sér krabbamein á barnsaldri.

## BLÆÐING AF VÖLDUM K-VÍTAMÍN SKORTS

Blæðing af völdum K-vítamín skorts er sjúkdómur sem herjar á börn, yfirleitt á fyrstu sex mánuðum lífsins. Ef barn fær þennan sjúkdóm getur blætt mikið frá naflastúf og barnið getur fengið blóðnasir eða marbletti án ástæðu. Sum börn geta einnig fengið gulu sem varir óvenjulega lengi. Þvag getur einnig orðið dökkbrúnt og hægðir geta orðið fölar, leirlitar eða kalklitar. Algengast er að þessi sjúkdómur komi upp á fyrstu viku ævinnar en getur þó einnig komið upp síðar. Ef sjúkdómurinn kemur upp og greinist á fyrstu viku ævinnar er hægt að meðhöndla hann með góðum árangri. Gerist það seinna er líklegra að ástandið tengist lifrarsjúkdómi eða að barnið eigi erfitt með að frásoga K-vítamín. Ef sjúkdómurinn kemst á alvarlegt stig getur hann orðið lífshættulegur.

### ERU EINHVER BÖRN Í MEIRI HÆTTU EN ÖNNUR?

Sum börn eru talin vera í meiri hættu en önnur á að fá blæðingu af völdum skorts á K-vítamíni. Það eru einkum börn sem eru fædd fyrir tímann og börn sem fæðast með tögum eða sogklukku þar sem hætta er á mari við fæðinguna undan áhöldunum. Einnig börn mæðra sem tekið hafa sérstök lyf á meðgöngu, einkum lyf sem notuð eru til að meðhöndla flogaveiki.